



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 15. september 2026
MSS26090044

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins um afdrif fyrirspurna

Á fundi borgarráðs lagði áheyrnarfulltrúi Vinstrisins svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um afdrif fyrirspurna Vinstrisins sem hafa verið lagðar fram í borgarráði 25. júní (vegna sölubása við Austurstræti og Lækjartorg, málsnúmer MSS26060172), 2. júlí (kostnaðaráhrif vegna lækkunar gjalda vegna viðburðahalds í borgarlandi, málsnúmer MSS26070006), 20. ágúst (um endurskoðun samgöngusáttmálans) og 27. ágúst (um jafnréttisskimun á skipulagsbreytingar, málsnúmer MSS26080087. Hvenær er von á svörum við þessum fyrirspurnum?

Fyrirspurn Vinstrisins um sölubása við Austurstræti og Lækjartorg, sem lögð var fram á fundi borgarráðs 25. júní sl. var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs 30. júní sl. Ítrekun hefur verið send vegna fyrirspurnarinnar og til stendur að leggja fram svar við fyrirspurninni á næsta fundi borgarráðs þann 1. október næstkomandi.

Fyrirspurn Vinstrisins um kostnaðaráhrif vegna lækkunar gjalda vegna viðburðahalds í borgarlandi, sem lögð var fram á fundi borgarráðs 25. júní sl. var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs 17. júlí sl. Ítrekun hefur verið send og til stendur að leggja fram svar við fyrirspurninni á næsta fundi borgarráðs þann 1. október næstkomandi.

Fyrirspurn Vinstrisins um endurskoðun samgöngusáttmálans, sem lögð var fram á fundi borgarráðs 20. ágúst sl., var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara 21. ágúst sl. Í 2. gr. verklagsreglna um fyrirspurnir og tillögur í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar kemur fram að svara skal fyrirspurn innan 30 daga frá því að henni hefur verið vísað til umsagnar. Þar sem sá frestur er ekki liðinn hefur málið ekki verið ítrekað né er unnt að veita upplýsingar um það hvenær svör eru væntanleg.

Fyrirspurn Vinstrisins um jafnréttisskimun skipulagsbreytinga, sem lögð var fram á fundi borgarráðs 27. ágúst sl., var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara 28. ágúst sl. Á fundi borgarráðs sem haldinn verður 17. september nk. verður lagt fram svar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara við fyrirspurninni.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavík